Lýsandi flóra

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

INNSETNING

Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir. Opið alla daga frá 12-18. Til 25. marz. Aðgangur 300 krónur.

LISTAKONAN hefur verið búsett á eyjunni Svíavirki fyrir utan Helsingfors í heil sjö ár, en þangað kom hún upprunalega til að vinna í einni af vinnustofum Norræna listabandalagsins. Vel er búið að listamönnum á staðnum og er þetta eitt hið jákvæðasta, sem bandalagið hefur tekið sér fyrir hendur í allri sögu sinni. En um nýtinguna er mér ekki vel kunnugt nema að Íslendingar sækja stíft þangað, þótt þeim þyki sumum staðurinn full einangraður, jafnvel leiðinlegur.


Það má þó teljast misskilningur, því það eitt að hafa möguleika á að vinna einangraður, laus við brauðstritið og ótruflaður í fimm mánuði má vera hverjum metnaðargjörnum listamanni mikilfengleg tilhugsun.

Listrýnirinn hefur nokkrum sinnum sótt bækistöðvarnar heim, bæði á meðan á uppbyggingunni stóð og svo við vígslu aðalsýningarsalarins fyrir nokkrum árum. Getur staðfest að umhverfið er hið fegursta, þótt innsiglingin sé dálítið drungaleg og minnir full mikið á þá frægu mynd „Dauðaeyjan“, sem Arnold Böcklin málaði 1880 og er í listasafninu í Basel í Sviss.

Guðrún Hrönn er þó ekki að sama skapi gefin fyrir að sitja á einhverjum múrnum og horfa út á hafið, eins og hún orðar það sjálf, en hins vegar virðist hún hafa meðtekið viðhorfin á listamiðstöðinni beint í æð. Slíkir þurfa bersýnilega hvorki að horfa út um glugga né minnast við haf, hauður og lífsmögnin allt um kring.

Þeim sem þekkja til listamiðstöðvarinnar og þróunarinnar innan hennar koma verk listakonunnar kunnuglega fyrir sjónir, því hin hugmyndafræðilegu viðhorf hafa frá fyrsta degi verið ríkjandi á staðnum og svo fast í þau haldið að þau eru orðin að markaðri hefð. Framsetningin þarf þó engan veginn að teljast neikvæð, því innan þessa ramma er margt mjög vel gert, ekki síður en að hin akademísku viðhorf skulu ekki með öllu fordæmd, þótt hér sé ekki leitað eftir málamiðlun. En hver þekkir ekki smíðisverk, sem minna á húsgögn á sýningum núlistafólks er svo er komið, eða sitthvað úr skreytikenndri list notagildis, svo vísað sé til kögranna.

Myndhugsunin er þó nokkuð önnur og sértækari og hér hefur sjálf innsetningin í rýmið drjúgu hlutverki að gegna. Og sé litið á þá hlið framkvæmdarinnar er mestur veigurinn í þeim glóandi blómum eftir endilöngu skilrúmi tengibyggingarinnar, sem komið er fyrir í krukkum á hvolfi, og þar með hafa umbreyst í ljóshjálma eða luktarker.



PHILLIPPE Richard, „Flöskuskeyti“.



GUÐRÚN Hrönn Ragnarsdóttir, „Án titils“. DMF, ljósapera, glerkrukka, og messing 26x14x16,5 sm.

Það er þannig eins gott að vera í jarðsambandi við eitthvað í umhverfinu og fortíðinni, þótt ekki sé það landslag og haf, einungis hreint hvunndagslegt skreyti sem lýsir upp lífið og tilveruna.

FORMRÆN FLÖSKUSKEYTI

Phillippe Richard. Vesturgangur. Til 25. marz.

FRANSKI myndlistarmaðurinn Phillippe Richard er með frumlegan gjörning í afmörkuðum hluta vesturgangs, sem eru 180 myndeiningar og eiga að berast um saltan sjá í formi flöskuskeyta. Hvernig flöskuskeytin munu svo líklega berast með straumum, veðrum og vindum, er svo sýnt á uppdrætti í sýningarskrá, sem er því miður einungis á frönsku og ensku. Enn eitt dæmið um handvömm, því það er virðingarleysi að bjóða sýningargestum upp á óþýdda erlenda texta og gerist enda hvergi nema meðal annars og þriðja flokks þjóða. Alla vega ekki þegar jafn auðvelt á að vera að snara textunum og hér er tilfellið. Og samt er skráin merkt Listasafni Reykjavíkur og listamaðurinn hefur verið búsettur í listamiðstöðinni að Straumi og á báðum stöðunum tala menn tungumálin reiprennandi. þ.e. frönsku á fyrri staðnum og ensku á hinum.

Myndir listamannsins, sem að sjálfsögðu eru allar málaðar á pappír og eru nákvæmlega jafn stórar þannig að upprúllaðar passi þær í ákveðna stærð af flöskum, bera svo í sér ýmis formræn skilaboð. Þetta telst þannig alveg ný og sértæk aðferð til að dreifa list og senda formræn skilaboð til viðtakenda, sem enginn veit hver verður fyrirfram. Flöskurnar verða einungis sendar, af stað burt í fjarlægð, eins og það er stundum orðað.

Það sem við blasir á hverjum einingi fyrir sig minnir ekki svo lítið á vissa tegund formæfinga í grunnmenntadeildum myndlistarskóla og liggur mikil alúð og alvara að baki þeirra. En hvort þessi myndhvörf geti átt þátt í því að móta stefnu flöskuskeytanna skal ósagt látið, en hugmyndafræðin er fullgild og svo er einungis að bíða og sjá hver framvindan verður, jafnvel þótt það kunni að verða löng bið. Svona líkt og eftir Godot...

Bragi Ásgeirsson

Óþolandi heimur – og þó

LEIKLIST

Menntaskólinn í Reykjavík

SJÁLFSMORÐINGINN

Á herranótt: Sjálfsmorðinginn eftir Nikolaj Erdman. Árni Bergmann íslenskaði Leikstjórn: Magnús Geir Þórðarson. Leikmynd og búningar: Snorri Freyr Hilmarsson Tónlist: Ólafur Björn Ólafsson. Lýsing: Sigurður Kaiser Guðmundsson. Aðalleikendur: Ólafur Egill Egilsson, Esther Talia Casey, Sólveig Guðmundsdóttir, Ragnar Kjartansson, Katrín B. Valdemarsdóttir, Þorlákur Einarsson, Maríanna Clara Lúthersdóttir, Guðrún Lára Pétursdóttir, Baldvin Þór Bergsson, Logi Viðarsson, Hlynur Páll Pálsson, Sölvi Sigurðarson. Frumsýning í Tjarnarbíói 7. mars.

Í VANDAÐRI, fjölþættri og ítarlegri leikskrá skrifar leikstjórinn, Magnús Geir Þórðarson, eftirfarandi klausu: Menntaskólaleiki á Herranótt má rekja allt aftur til fyrri hluta 18. aldar og telst leikfélagið því það elsta hér á landi. Leiksýningar á Herranótt þóttu með helstu viðburðum hér á árum áður. En þrátt fyrir fjölda annarra leikfélaga, atvinnuleikhúsa og annarar menningarstarfsemi í höfuðborginni standa leiksýningar á Herranótt enn traustum fótum. Metnaður leiksýninga eykst með hverju árinu ef eitthvað er.

Og víst er Sjálfsmorðinginn metnaðarfull sýning. Aðdragandinn að sýningu Herranætur er einir átta mánuðir. Að þessari uppsetningu standa u.þ.b. 70 manns. Það sést glöggt á sýningunni að hvergi hefur verið kastað til höndum heldur hvert verk unnið af ítrasta metnaði. Leikmynd, búninga og lýsingu hafa nemendur unnið undir handleiðslu atvinnumanna. Þar er allt eins og best verður á kosið. Leikmynd er einföld, stílhrein, meðfærileg. Búningar eru góðir og lýsing einhver sú besta sem ég hef séð í áhugaleikhúsi.

Leikstjórinn Magnús Geir Þórðarson er spútnik á leikstjórafestingunni og vissulega hefur hann hjálpað MR-ingum til stórra afreka hér, ekki síst í leikrænni tjáningu, svona miðað við aldur og fyrri störf. Það vekur undrun hve mörgum nemendum tekst að skapa heilsteyptar persónur á sviðinu. Framsögn er nokkuð góð hjá flestum og raddbeiting áhugaverð og þroskuð hjá sumum, t.d. hjá Ólafi Agli í hlutverki sjálfsmorðingjans, Maríönnu Clöru í hlutverki Kleópötru, Hlyni Páli sem prestinum Jelpídíj og Sölva sem Viktori rithöfundi.

Íslenskur texti Árna Bergmanns er kjarnmikill án þess að vera upphafinn, vandaður án þess að vera leikurunum framandi á tungunni. Upphrópanir eru oft hnittnar.

Sagan sjálf segir af atvinnuleysingja nokkrum, Semjon að nafni, sem hyggst binda enda á líf sitt en skortir til þess vilja þegar á hólminn kemur. En áform hans um að taka eigið líf spyrjast út og allir vilja hagnast á dauða hans, því dauðinn einn er afdráttarlaus og frelsandi í þjóðfélagi þar sem enginn veit sitt rjúkandi ráð. Með honum einum er hægt að taka af skarið og öðlast mannlega reisn. Formið sem frásögnin rekur sig eftir er hárbeitt háðsádeila sem af og til sleikir jaðra fáránleikans og er biturlega kómísk, allt að því ámátleg stundum en þó meinfyndin.

Þetta form gerir tilteknar kröfur um hraða og tímasetningu en þar bregst leikstjóranum af og til bogalistin. Leikritið verður langdregið eftir hlé þegar sjálfsmorðinginn heykist hvað eftir annað á því að kála sér. Áhorfendur hætta að taka mark á honum. Sá efnilegi ungi leikari Ólafur Egill Egilsson rís að vonum ekki undir því að halda áhuga áhorfandans á Semjoni Podsékalnikov vakandi og óskertum því að í raun er sá auðnuleysingi ekkert annað en einfeldningur með takta. Harmræna Semjons felst einmitt í úrræðaleysi hans og grunnhyggni. Ólafur hefur afbragðs skýra framsögn og er í framför í raddbeitingu og hann notar ýmis leiktæknileg atriði vel í persónusköpun sinni.

Prósessían um sviðið eftir hlé er langdregin. Þar, og víðar í fjöldaatriðum, vantar snerpu. Í lofsverðri viðleitni sinni til að gæða hvert einasta hlutverk lífi gengur leikstjórinn stundum of langt og eyðir tíma áhorfenda til einskis, t.d. með gaurana. En þrátt fyrir þessa annmarka er þetta áleitin sýning og áhugaverð. Áleitin vegna þess að varpað er ljósi á þætti í mannlegu fari sem eru erfiðir skoðunar, ekki síður í Reykjavík en Rússíá. Áhugaverð vegna þess að hér sýnir margt ungt fólk hvað í því býr. Svo um munar.

Guðbrandur Gíslason

